

- 16** vera úr góðu grjóti og vandlega steinflímdur utan og innan; allt efni í húsið
 17. febr. vandað og máttarviðir nægilega sterkir; bárujárnsþakið sje ekki þynnra en nr. 24 og sje lagt á samfellda bordasúð; til skjóls skal húsið vera pappalagt undir ytra byrði og vel málað að innan og einnig að utan; í húsinu skal vera múr-pípa vel hlaðin neðan frá kjallaragólfi og skal því fylgja eldavjel og að minnsta kosti 2 ofnar.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

- 17** **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lantökuleyfi handa**
 19. febr. **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prófastsins í Norðurmúlaprófastsdæmi, síra Einars Jónssonar í Kirkjubæ, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prófastur taki allt að 6000 kr. embættislán úr viðlagsjóði upp á pre-takallið, til þess að byggja á prestsetrinu 2 hús jafnhliða, annað timurhus að mestu, tvíloftað, 21 al. á lengd og 12 al. á breidd, með kjallara undir, 8 álna löngum og 6½ al. breiðum í botninn og járnþaki á öllu húsinu, torfveggjum í stöfnum upp að neðri bitum og í þeirri hliðinni, sem veit að hinu húsinu og sem ætlazt er til að verði sameiginlegur veggur fyrir bæði húsin, hitt húsið jafnlangt hinu fyrra, en að eins 6 álna breitt, með torfþaki, torfveggjum og torfstöfnum, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti og herbergjaskipun, er getur um í brjefi prófastsins, dagsettu 17. des. f. á. Ennfremur er lantökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins eigi verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri sköðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsin sjeu fullgjörð og í áskildu standi, að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lantökudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu upphæð, að sannað verði á fulltryggjandi hátt að húsin sjeu traust og vel vönduð, að húsin með eldavjel og naudsynlegum ofnum komi í stað bæjarhúsa þeirra á prestssetrinu, er brunnu aðfaranóttina til hins 7. oktbr. f. á. og verði þannig eign prestakallsins, að presturinn haldi húsunum í áreiðanlegri váttryggingu fyrir að minnsta kosti 7000 kr. og að presturinn eða dánarbú hans skili húsunum við burtför hans eða fráfalið í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þar sem nefndur prófastur hefir skotið því undir minn úrskurð, hvort kirkjan sem landsdrottinn muni eptir 16. gr. ábúðarlaganna frá 12. janúar 1884 vera skyld til að taka þátt í kostnadi við endurbygging stadarins, þá er jeg hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum alveg samdóma um það, að sú skylda verði eigi á kirkjuna lögð, sjerstaklega með hliðsjón af lögum 22 maí 1890, um meðferð á fje kirkna, og þeirri praxis, er myndazt hefir í þessu efni á hinum síðari árum.

Þetta er stiptsyfirvöldunum þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

- 18** **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um að eigi skuli greiða toll**
 23. febr. **af tinctura arnicæ.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. nóvbr. f. á., hafði þjer,

herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að 17. s. m. hafi með gufuskipinu »Hjálmarí« 18 flutzt til Akureyrar 136 pottar af svokallaðri »Arníkatíntur«; hafi sending þessi 23. febr. verið tilfærð á tollskrá skipsins þannig: »O. C. Th. 1 Foust. Arnícatíntur hl. 136 Potter á 16½^o skj. Spirituosa«. Hafið þjer því heimtað toll af sendingu þessari hjá móttökumanni hennar, Oddi lyfzala Thorarensen á Akureyri, en hann hafi neitað að greiða tollinn. Nú hafið þjer spurzt fyrir um það, hvort þjer eigið að innheimta toll af þessari »Arníkatíntur« eins og af 16^o spiritus.

Eftir þeim upplýsingum sem jeg hefi fengið um þetta efni, er tinctura arnica vínandi með talsverðum styrkleika, blandaður efni, er lyfsalar kalla arnicum. Efni þetta gjörir vlandann óhæfilegan til drykkjar, enda þótt hann sje blandaður enn öðrum efnum. Tinctura arnica verður því eigi talin til áfengisdrykkja, og með því að innfluttar lagartegundir því að eins virðast eiga að teljast tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, sbr. fyrirsögu tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879, ráðgjafabrjef 21. ágúst 1886 (Stjtið. 1886. B. bls. 126) og landshöfðingjabrjef 14 oktbr. 1896 (Stjtið. 1896. B. bls 190), ber eigi að heimta toll af tinctura arnica.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgreiðslu á tolli. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra 19 sýslumaður, sent mjer erindi nokkurt frá kaupmanni Kr. Gíslasyni á Saudárkróki, 23. febr. þar sem hann fer þess á leit, að hann fái endurgreiddan toll af 992 pd. sykurs, er hann telur ofborgaðan.

Eftir þeim skýrslum sem fyrir liggja, er máli þessu svo varið, að á tollskrá skipsins Thyra, er kom til Saudárkróks í október 1896, stóðu 40 kassar af sykri og var nefndur kaupmaður talinn móttökumaður þeirra. Var tollurinn því heimtaður af þessari sending allri hjá honum, og greiddi hann tollinn án þess að raunsaka þetta nákvæmara. Nú má álita það fullsannað að tollskrá skipsins hefir verið röng að því leyti, sem Saudárkrókstollskráin telur auk 20 kassa af sykurs til umgetins kaupmanns, er að rjettu lagi áttu að standa þar, 20 kassa af sykri, er fluttust til Þingeyrar með nefndri ferð »Thyra«, og þar hefir verið greiddur tollur af án þess um það sje getið á Þingeyrartollskránni að nokkuð sje þangað af sykri með skipinu. Krafa optnefnds kaupmanns um endurgreiðslu á tolli af 992 pd. af sykri virðist þannig vera á rökum byggð, og skal jeg því þjónustusamlega leggja fyrir yður, að greiða honum hinn ofborgaða toll, 49 kr. 60 a. að fráðregnum 2½%, og telja upphæð þessa meðal útgjalda í tollreikningi Skagafjarðarsýslu fyrir þetta ár.